

20. Stjórnarfundur Bergrisans

14. september 2020

Fjarfundur hófst klukkan 13:00 á Microsoft Teams

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mættu fyrir þjónustusvæðin Ragnheiður Hergeirsdóttir og Svava Davíðsdóttir ásamt Heiðu Ösp Kristjánsdóttur frá fjölskyldusviði Árborgar. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Fundargerð 130. fundar þjónusturáðs

Fundargerð 130. fundar þjónusturáðs lögð fram til kynningar. Ragnheiður Hergeirsdóttir, Svava Davíðsdóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir og Íris Ellertsdóttir fara yfir málefni fundarins. Stjórn upplýst um samþykktar umsóknir um beingreiðslusamninga. Ýmis málefni rædd varðandi NPA ásamt hugmyndum um heildarstefnumótun á starfssvæði Bergrisans þar sem lagt er til að nýjir gæðavísar Gæða- og eftirlitsstofnunar liggi til grundvallar vinnunni.

2. Bygging íbúðakjarna

Verkefnisstjóri Bergrisans og formaður stjórnar upplýsa um vettvangsskoðun lóðar í Nauthaga með framkvæmdastjóra Ás styrktarfélags og skipulagsfulltrúa Árborgar. Stjórn Bergrisans samþykkir að fela verkefnisstjóra Bergrisans að sækja um breytingu á aðal- og deiliskipulag hjá sveitarfélaginu Árborg vegna væntanlegrar uppbyggingar.

3. Málefni VISS

Gera þarf úttekt á hvort samræmi sé á milli útibúa VISS á þjónustusvæði Bergrisans varðandi rekstrarfyrirkomulag þeirra og skipulag. Stjórn Bergrisans bs samþykkir að fela verkefnisstjóra Bergrisans og fjármálastjóra Árborgar að gera greiningu á útibúum VISS með samræmingu á rekstrarfyrirkomulagi og gæðaviðmiðum fyrir starfseminu í huga.

4. Kerlingardalur

Búið er að vinna greinargerð fyrir hönd Bergrisans bs og er nú beðið eftir að málið verði dómtekið. Lögmaður Bergrisans bs mun upplýsa stjórn um framgang málsins.

5. Endurskoðun samþykktar og þjónustusamninga Bergrisans

Stjórn Bergrisans samþykkir að fela verkefnisstjóra að endurskoða samþykktir Bergrisans bs í samræmi við athugasemdir sem sveitarfélögunum á þjónustusvæðinu bárust fyrr í sumar. Verkefnisstjóra jafnframt falið að endurskoða þjónustusamning Bergrisans við Árborg í samvinnu við fjármálastjóra og forstöðumenn.

6. Gæðaeftirlit með einkaaðilum

Sjórn Bergrisans samþykkir að fela verkefnisstjóra að útfæra verklag um innri gæðaviðmið gagnvart stofnunum sem þjónusta Bergrisann bs líkt og kveðið er á um í 8. gr. samnings við Sólheima.

Fundi slitið kl. 15:30